



Viðtakandi: Innkaupa- og framkvæmdaráð

Sendandi: Þjónustu- og nýsköpunarsvið, upplýsingatækniþjónusta

Samkeppnisútbod nr. 15697 Prentþjónusta fyrir Reykjavíkurborg

Tilboð í ofangreindu EES útbod þjónustu- og nýsköpunarsviðs Reykjavíkurborgar (ÞON) voru opnuð á innkaupaskrifstofu Reykjavíkurborgar þann 17. maí 2023.

Eftirfarandi aðilar skiluðu inn tilboði:

1. Kjaran ehf.
2. Opin Kerfi ehf.
3. Origo hf.
4. PLT ehf.

Alls voru níu viðaukar sendir út á tímabilinu 15. mars til 11. maí 2023. Í viðauka 5 var bjóðendum gefinn kostur á að hýsa netþjóna sína vegna útbodsins í gagnaveri Reykjavíkurborgar. Í viðauka 8 var sá möguleiki felldur úr gildi með viðauka til að tryggja jafnræði milli bjóðenda og innihélt sá viðauki jafnframt framlengingu á opnun tilboða. Að öðru leyti innihéldu viðaukarnir svör við fyrirspurnum.

Forsendur fyrir vali tilboðs voru eftirfarandi, sbr. kafla 0.8 í útbodslýsingu:

Forsendur fyrir vali kaupanda eru besta hlutfall milli verðs sem vegur 50% og gæða sem vege 50%.

Matsnefnd þriggja aðila á vegum kaupanda yfirfor innsendar greinargerðir bjóðenda og gaf þeim stig sem vógu 50% á móti verði í samræmi við kafla 0.8 í útbodslýsingu. Eftir yfirferð tilboða lá fyrir hvaða bjóðandi var með hagkvæmasta tilboð á grundvelli verðs og gæða, PLT ehf., og var tilboðsverðið undir kostnaðaráætlun kaupanda. Kaupandi ákvað því að hefja ekki samningsviðræður og leggur til að samið verði við þann aðila sem á hagkvæmasta tilboð án frekari samningsviðræðna, líkt og áskilnaður er gerður um í kafla 0.1.4 í útbodslýsingu.

Innkaupaskrifstofa hefur yfirfarið tilboð PLT ehf. mt.t.t krafna um fjárhagslegt hæfi og staðfest að sá þátttakandi sem var með hagkvæmasta tilboðið, PLT ehf., uppfyllir kröfur um fjárhagslegt hæfi. ÞON hefur yfirfarið tilboð PLT ehf. og staðfestir að kröfur um tæknilega og faglega getu eru uppfylltar.

ÞON leggur til að gengið verði að tilboði PLT ehf. að fjárhæð 452.602.400 kr. án vsk, enda uppfyllir það allar kröfur útbodsgagna og er hagkvæmasta tilboð á grundvelli besta hlutfalls milli verðs og gæða.

Virðingarfyllst,

Fjóla Kristín Traustadóttir

Teymisstjóri tækniþjónustu



Reykjavíkurborg

Hjálagt:

1. Matskröfur og aðferðarfræði
2. Matsblað samantekt (**trúnaðarskjal**)



Árið 2023, þann 17. maí kl. 10:15 voru tilboð opnuð í Borgartúni 12-14, Reykjavík, í EES útbóði þjónustu- og nýsköpunarsviðs Reykjavíkurborgar nr. 15697 „Prentþjónusta fyrir Reykjavíkurborg“.

Tilboð opnaði og fundargerð ritaði Eva Björk Hickey.

Á tilboðsfresti voru sendir út níu viðaukar.

Eftirfarandi tilboð bárust:		Heildartilboðs- verð án vsk	Tengist við gjaldmiðil	
1 Kjaran ehf.	Kr	654.357.400	EUR	117,27%
2 Opin Kerfi ehf.	Kr	564.570.000	Nei	101,18%
3 Origo hf.	Kr	642.600.000	Nei	115,16%
4 PLT ehf.	Kr	452.602.400	EUR	81,11%
Kostnaðaráætlun	Kr	558.000.000		100,00%

Fleiri tilboð bárust ekki.

Opnun tilboða lokið kl. 10:30